

# Reglur vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags.

## 1. gr.

Nemendur með lögheimili í Snæfellsbæ skulu að jafnaði stunda nám í Grunnskóla Snæfellsbæjar og sækja leikskóla í leikskólum Snæfellsbæjar.

## 2. gr.

Forráðamaður nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í leik- eða grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags skal senda inn umsókn, á til þess gerðum eyðublöðum, til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar áður en barn hefur skólasókn í öðrum skóla.

## 3. gr.

Ef Snæfellsbær samþykkir umsókn er einungis samþykkt fyrir yfirstandandi/komandi skólaár, þ.e. að hámarki frá miðjum ágúst til loka maí ár hvert. Umsókn verður að endurnýja á hverju ári, og á það bæði við um leikskóla og grunnskóla.

## 4. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skólagöngu í Snæfellsbæ af eftirtöldum ástæðum:

- a) Forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemanda í grunnskóla í fyrra lögheimilissveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.
- b) Flutningur lögheimilis forráðamanna stendur ekki fyrir dyrum. Í þann hóp falla t.d. börn námsmanna, sem tímabundið stunda framhalds- og háskólanám fjarri lögheimili og börn foreldra sem vegna tímabundinna starfa fjarri lögheimili, þurfa á námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi að halda.
- c) Ef sérstök ósk berst frá félagsmálayfirvöldum að hagsmunum barnsins sé betur borgið í skóla/leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.

## 5. gr.

Greiðslur Snæfellsbæjar með börnum í leik- og grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags miðast við viðmiðunargjald sem útgefið er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Greiðslur vegna skólakostnaðar nemanda skulu inntar af hendi mánaðarlega eftir á fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem nemandi nýtur kennslu í skóla, nema að sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.

## 6. gr.

Í gjaldinu skv. 5. gr. er falinn allur almennur skólakostnaður annar en viðbótarkostnaður vegna húsnæðis, sérkennslu, mótuneytis, skólaaksturs heimavistar eða annarra sérstakra aðstæðna. Um þann kostnað skal samið sérstaklega um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags svo og um annan kostnað sem er sannarlega umfram greiðslur skv. 3. gr. og framlag Jöfnunarsjóðs vegna nemandans.

Athygli er vakin á því að ef barn stundar nám í skóla eða leikskóla þar sem gjöld eru af einhverjum ástæðum hærrí en gengur og gerist, þá er niðurgreiðsla Snæfellsbæjar samt sem áður miðuð við viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og það er hverju sinni.

**Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. október 2010**